

29. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna 16. – 17. október 2015 á Akureyri

Ályktun um efnahags- og kjaramál Lögð fram á 29. þingi LÍV 16. - 17 október 2015

29. þing LÍV áréttar mikilvægi þess að taka upp ný vinnubrögð við gerð kjarasamninga á Íslandi og að horft sé til þess hvernig við getum byggt upp kaupmátt með raunverulegum og varanlegum verðmætum. Ósamstaða, óróleiki og átök hafa einkennt vinnumarkaðinn frá því að ríkisvaldið í samningum við ákveðna hópa hafnaði þeirri launastefnu sem samið var um á almennum vinnumarkaði í árslok 2013.

Margir hópar hafa farið fram síðustu misseri og reynt að rétta sinn hlut, óháð því hvaða áhrif slíkt hefur á aðra hópa eða hagkerfið í heild sinni. Einnig hafði úrskurður gerðardóms neikvæð áhrif á þróun mála. Niðurstaðan er sú að horfur eru á vaxandi verðbólgu, veikingu íslensku krónunnar og hækkandi vöxtum. Á því munu allir tapa.

Við getum margt lært af öðrum Norðurlandþjóðum, sem tekist hefur að byggja upp kaupmátt í hægum en öruggum skrefum við meiri stöðugleika og lægri vexti en við eigum að venjast. Þar er lögð meiri áhersla á ábyrgð, aga og vandaðan undirbúning til að tryggja sem besta útkomu fyrir allt launafólk.

29. þing LÍV telur mikilvægt að vinnumarkaðurinn í heild sinni tileinki sér sömu vinnubrögð og liggja að baki hinu norræna vinnumarkaðsmódeli. Fyrsta skrefið í þá átt er að tryggja sem best jafnræði milli hópa í launaþróun á komandi misserum, þar sem litið verði til allra þátta þ.m.t. lífeyrisréttinda. Til þess að það gangi eftir verða allir hópar að axla ábyrgð á breyttum vinnubrögðum.

Þannig getum við í sameiningu náð hámarksárangri við að byggja upp kaupmátt og efla lífskjör.